

STÆKKUN KJÚKLINGABÚS Á MELAVÖLLUM, KJALARNESI

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum á Kjalarnesi felur í sér að þar verða stæði fyrir 196.000 kjúklinga á búinu. Heildarmagn úrgangs sem fellur til frá búinu verður á bilinu 1.235 – 1.510 tonn á ári og af því er magn köfnarefnis 42 – 45 tonn á ári. Framkvæmdaraðili áformar að nota þann úrgang sem til fellur sem áburð á tún og til uppgræðslu. Ef tekið er tillit til viðurkenndra viðmiða varðandi dreifingu köfnunarefnis á viðkvæm svæði er árleg landþörf framkvæmdaraðila 245 – 305 ha lands. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif af fullbyggðu kjúklingabúi á Melavöllum felist einkum í lyktarmengun í nágrenni búsins og á þeim stöðum sem úrgangi frá búinu verður dreift. Áhrifin geti verið talsvert neikvæð í skamman tíma fyrir þá sem eru næst búinu eða dreifingarsvæðum. Langtímaáhrif vegna lyktar verði hins vegar óveruleg, þar sem dreifing úrgangs á að taka mið af veðurfarsaðstæðum hverju sinni. Meginforsenda þess að framkvæmdaraðili telur að á heildina litið valdi starfsemi frá stækkuðu óverulegum áhrifum á umhverfi sitt byggir á mati á áhrifum í næsta nágrenni kjúklingabúsins. Hins vegar er ekki lagt mat á áhrif á það umhverfi sem er fjarri búinu og mun taka við dreifingu hæsnaskíts í framtíðinni. Þrátt fyrir að í matskýrslu sé greint frá því að samningur sé til staðar á milli framkvæmdaraðila og Landgræðslu ríkisins um að hæsnaskítinum verði dreift í nágrenni Þorlákshafnar er ljóst að sá samningur, auk annarra samninga við landeigendur geta tekið breytingum og nýir komið í staðinn. Því er ekki fyrir sjáanlegt hvaða svæði munu taka við hæsnaskít frá búinu í komandi framtíð og hver hugsanleg umhverfisáhrif verða á viðkomandi svæði vegna þess. Ljóst er að þau áhrif felast helst í lyktarmengun og hugsanlegum neikvæðum áhrifum köfnunarefnis á viðkvæm vatnasvæði. Skipulagsstofnun telur því mjög mikilvægt að þegar starfsleyfi verður gefið út fyrir stækkuðu búi, liggi fyrir á hvaða svæðum eigi að nýta úrganginn sem áburð. Því sé æskilegt að starfsleyfisveitandi nýti sér heimild til viðækrar álitsgjafar í samræmi við gr. 9.2. í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir rekstur sem getur haft í för með sér mengun og óski umsagnar heilbrigðisnefndar í viðkomandi sveitarfélagi, sem m.a. getur sagt til um hvort áburðardreifingin hafi áhrif á landnotkun innan sveitarfélagsins og hvort svæðið teljist heppilegt dreifingarsvæði með tilliti til viðkvæmni fyrir köfnunarefnismengun.

Skipulagsstofnun telur það vera háð verktilhögun, mótvægisáðgerðum og vöktun hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir, á umhverfið.

Skipulagsstofnun telur að setja þurfi eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmdinni við starfsleyfisveitingu:

1. Matfugl þarf að leggja fram gögn sem sýna fram á að hverju sinni séu tryggir samningar milli hans og landeigenda, sem heimila honum að dreifa úrgangi frá kjúklingabúinu á ákveðnum svæðum með samþykki viðkomandi heilbrigðisyfirvalda og sveitarstjórnar.

14. maí 2009

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ	3
3	NIÐURSTAÐA um mat á umhverfisáhrifum.....	4
3.1	Frárennsli frá búinu	4
3.2	Áhrif hæsnaskíts sem áburðargjafa.....	4
3.3	Lyktarmengun	6
3.4	Landnotkun	7
3.5	Sýkingarhætta	8
3.6	Staða skipulags og leyfisveitinga.....	8
4	Niðurstaða Skipulagsstofnunar	9

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 24. janúar 2008 sendi Línuhönnun verkfræðistofa (nú Efla), f.h. Matfugls, frummatsskýrslu um stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum, Kjalarnesi í Reykjavík til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 4. febrúar 2008 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 5. febrúar 2008 – 18. mars 2008 í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.lh.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Reykjavíkurborgar, Matvælastofnunar (áður Landbúnaðarstofnun), Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma bárust Skipulagsstofnun tvær athugasemdir. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar og athugasemdirnar til Línuhönnunar (nú Eflu).

Þann 8. apríl 2009 sendi Efla verkfræðistofa, f.h. Matfugls, matsskýrslu um stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum, Kjalarnesi í Reykjavík til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Eftirfarandi gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar

Frummatsskýrsla. Stækkun kjúklingabús á Melavöllum, Kjalarnesi, ásamt viðaukum. 21. desember 2007.

Umsagnir bárust frá:

- Umhverfis – og samgöngusvið Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 26. febrúar 2008.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 6. febrúar 2008.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. febrúar 2008.
- **Athugasemdir bárust frá:**
- Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson, landeigendur á Bakka með bréfi dags. 7. mars 2008.
- Sigurjón Benediktsson og Snædís Gunnlaugsdóttir með tölvupóstum dags. 10. og 19. mars 2008.

Matsskýrsla: Stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum, Kjalarnesi í Reykjavík. 8. apríl 2009.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Framkvæmd. Matfugl áformar að stækka núverandi kjúklingabú fyrirtækisins á Melavöllum. Núverandi húsnæði kjúklingabúsins er um 5.000 m² sem rúmar 84.000 stæði fyrir kjúklinga, í fimm húsum, þar af tveimur mjög nýlegum. Fyrirhuguð stækkun kjúklingabúsins felur í sér byggingu fjögurra nýrra húsa, sunnan megin við núverandi kjúklingahús og verður hvert um sig 1.762 m² á stærð og mun rúma 28.000 stæði fyrir kjúklinga, eða samtals 112.000 stæði. Alls verða því 196.000 stæði fyrir kjúklinga á búinu eftir stækkun.

Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson benda á í sinni athugasemd að ekkert sé gert til þess að draga úr sjónrænum áhrifum sem kjúklingabúíð hefur, séð frá Bakka.

Framkvæmdaraðili svarar því til að fram hafi komið sú tillaga að í samráði við skipulagsyfirvöld í Reykjavík að staðsetja nýju kjúklingahúsin lægra í landi og auk þess muni framkvæmdaraðili reisa/framlengja 3- 4 m háa mön suður fyrir húsin til að koma til móts við athugasemdir landeigenda á Bakka.

Starfsemi. Í matsskýrslu kemur fram að hverju húsi verði skipt í tvö hólf en hvert hólf hafi stæði fyrir u.þ.b. 14.000 kjúklinga sem teljist vera einn eldishópur. Eldistími hvers hóps í hólfinu sé u.þ.b. 35 dagar en eftir slátrun taki við 14 daga tímabil, samkvæmt reglugerð, þar sem eldishús (hólf) séu tæmd af hæsnaskít, þrífín og sóttthreinsuð og látin standa tóm áður en nýjum eldishópi sé komið fyrir í hólfinu. Hver framleiðsluhringur sé því í heild sinni í kringum 49 dagar. Fram kemur að talsvert magn af hæsnaskít muni falla til frá stækkuðu hæsnabúi og ákvarði magn og köfnunarinnihald skítsins landþörf framkvæmdaraðila. Áætlað heildarmagn hæsnaskíts sé á bilinum 1.234 – 1.510 tonn/ári. Hæsnaskítum verði dreift á um 15 ha land á Melavöllum og um 70 ha land við Dalsmynni á Kjalarnesi. Fram kemur að ennfremur hafi Matfugl gert samning við Landgræðslu ríkisins um dreifingu á hæsnaskít á uppgræðslusvæði Landgræðslunnar í nágrenni Þorlákshafnar. Fram kemur að Landgræðslan hafi samþykki Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir notkun hæsnaskítsins og aflað hafi verið tilskilinna leyfa frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, megi ekki dreifa búfjáraburði á frosna jörð. Á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. mars sé því ekki hægt að dreifa hæsnaskít á tún og því þurfi að geyma um 450 – 550 tonn á því tímabili í hauggeymslum fyrirtækisins að Hurðarbaki eða tímabundið í nýrri 700 tonna hauggeymslu á Melavöllum. Þá hafi Landgræðslan að auki aðstöðu til að geyma hæsnaskít á sínum starfsstöðvum nálægt Þorlákshöfn.

Markmið framkvæmdarinnar er að svara aukinni eftirspurn eftir kjúklingakjöti í landinu en sala á alifuglakjöti, einkum kjúklingakjöti, hefur stóraukist hér á landi síðustu ár.

3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 FRÁRENNSLI FRÁ BÚINU

Í matsskýrslu kemur fram að frárennsli felist í skolvatni þegar eldishólf sé þvegið eftir að eldishópur hafi verið tekinn til slátrunar. Hólfið sé tæmt og sópað með lágþrýstipvottatæki og notaðir séu á milli 3-5.000 lítrar við þríf á hverju hólfi. Allt frárennsli frá húsunum sé leitt í frárennsliskerfi sem samanstendur af settanki og siturlagnakerfi. Miðað við 1 m³/klst rennsli til settanksins þá sé dvalartími vökvans í tankinum í kringum 15 klst. Heildaráhrif vegna frárennslis séu því óveruleg.

Skipulagsstofnun telur nægjanlega gert grein fyrir frárennslismálum og telur að áhrif vegna þeirra verði óveruleg.

3.2 ÁHRIF HÆNSNASKÍTS SEM ÁBURÐARGFJAFI

Fram kemur í matsskýrslu að helstu umhverfisáhrif af völdum hæsnaskíts tengist notkun hans sem áburður þar sem honum er dreift með skítadreifara á land í því skyni að bæta jarðveg og gróður. Hæsnaskíturinn sé þurr og blandaður litlu magni af spæni og fódurögnum og gæti því bæði valdið tímabundnum sjónrænum áhrifum og búast megi við að hann geti fokið við dreifingu. Í matsskýrslunni kemur fram að Matfugl hafi látið framkvæma mælingar á magni hæsnaskíts frá Melavallabúinu, auk þess sem hann hafi verið efnagreindur (köfnunarefni og fosfór) og þurrefnisinnihald hans athugað. Niðurstöður hafi sýnt að magn hæsnaskíts er að meðaltali 7,2 kg/fugl/ári sem sé fyrir neðan viðmið ESB 10- 17 kg/fugl/ári. Margvíslegar ástæður

geti legið á bak við þennan mun á magni hæsnaskíts. Stofn fugls, gerð fóðurs, húsakostur og rakastig hæsnaskít ráði hvað mest um. Fram kemur að þurrefnisinnihald hæsnaskítsins sé mjög hátt eða að meðaltali 81%. Það sé því líklegt að margir samverkandi þættir valdi þessum mun á tölum Matfugls og viðmiða ESB. Með tilliti til köfnunarefnismagns í úrgangi frá hverjum fugli árlega hafi mælingar Matfugls einnig verið innan viðmiða ESB. Þegar litið sé á niðurstöður efnagreiningar á köfnunarefni sé hægt að færa fyrir því góð rök að meðaltalsgildi köfnunarefnis (3,4%) sé notað við útreikning á heildar köfnunarefni í hæsnaskít og samkvæmt því verði árlegt magn köfnunarefnis í hæsnaskít frá stækkuðu búi Matfugls á bilinu 42-52 tonn af köfnunarefni. Styrkur fosfórs í hæsnaskítinum hafi verið tæplega 1,4% sem sé innan viðmiða ESB.

Fram kemur í matsskýrslu að samkvæmt Evróputilskipun skuli dreifing köfnunarefnis á viðkvæmt land vera að hámarki 170 kg N/ha/ári og sé það sambærileg krafa og komi fram í starfsreglum um góða búskaparhætti og reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Þegar miðað sé við fyrrgreint viðmið, 170 kg N/ha/ári, sé heildar landþörf framkvæmdaraðila á bilinu 250-305 ha/ári.

Fram kemur að útskolun á köfnunarefni og fosfór úr áburði sé mjög lítil hér á landi. Hlutfall nýtanlegs köfnunarefnis (lausbundinna köfnunarefnissambanda) í hæsnaskít sé um 30% eða lægra en t.d í kúamykju sem geri það að verkum að plöntur og gróður taki þennan hluta næringarefnisins upp mjög auðveldlega og því sé lítil hætta á að hann skolist út t.d. í grunnvatn. Fosfór bindist mjög vel í jarðvegi og sé hættan á útskolun mjög lítil. Neikvæð áhrif starfseminnar vegna magns og meðhöndlunar hæsnaskíts séu því óveruleg.

Í matsskýrslu kemur fram að afrennslisstefnur á því svæði sem hæsnaskít verði dreift á í landi Melavalla og Dalsmýnnis séu annað hvort til norðvesturs eða suðvestur, til sjávar eða í átt að fráveituskurðum sem veiti hugsanlegu afrennslis áfram til sjávar. Það sé því talin lítil hætta á að næringarefni úr hæsnaskítinum berist í Blikdalsá. Dreifing hæsnaskíts á ofangreindum svæðum verði skv. þeim viðmiðum og kröfum sem fram eru settar og þá sé lítil hætta á því að næringarefni mengi grunnvatn svæðisins. Framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á vatnsból Bakka og Dalsmýnnis þar sem lega þeirra sé hærra í landi en þeirra svæða sem dreift verði á.

Skipulagsstofnun telur að umfjöllun um magn og innihald í hæsnaskít frá kjúklingabúinu fullnægjandi og að jákvætt að framkvæmdaraðili hafi látið fara fram rannsóknir á þessum þætti starfseminnar. Þannig sé dregið verulega úr óvissu um áhrif stækkunar kjúklingabúsins á umhverfi sitt. Þá telur Skipulagsstofnun að nægjanlega sé gerð grein fyrir hugsanlegum áhrifum starfseminnar á afrennslis og grunnvatn í nágrenni Melavalla og komi hún ekki til með að valda neikvæðum umhverfisáhrifum hvað þá þætti varðar. Miðað við niðurstöður rannsóknarinnar á umfangi og efnainnhaldi hæsnaskíts frá búinu er ljóst að eftir stækkun þarf kjúklingabúið á Melavöllum að hafa aðgang að 245 – 305 ha lands á ári, til þess að geta dreift þar hæsnaskít. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að farið sé eftir viðmiðum í starfsreglum um góða búskaparhætti og ekki verði dreift meira magni en sem samsvarar en 170 kg N/ha/ári. Stofnunin telur að ekki sé hægt að færa rök fyrir meiri losun, nema tryggt sé að á því svæði hafi farið fram kortlagning á viðkvæmni vatnasvæða sbr. reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, þar sem sýnt hafi verið fram á að viðkomandi svæði teljist ekki viðkvæmt fyrir köfnunarefni. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að

notkun hæsnaskíts til uppgræðslu geti verið jákvæð, sé það gert í sátt við landeigendur og í samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöld. Skipulagsstofnun bendir á að áformað er að stór hluti þess úrgangs sem fellur til frá búinu verði fluttur á brott. Þrátt fyrir að í matsskýrslu sé greint frá því að samningur sé til staðar á milli framkvæmdaraðila og Landgræðslu ríkisins um að skítum verði dreift í nágrenni Þorlákshafnar er ljóst að sá samningur, auk annarra samninga við landeigendur, geta tekið breytingum og nýir komið í staðinn. Því er ekki fyrirsjánlegt hvaða svæði koma til með að taka við hæsnaskít frá búinu í komandi framtíð og hver hugsanleg umhverfisáhrif verða á viðkomandi svæði vegna þess. Skipulagsstofnun telur hins vegar afar mikilvægt að áður en starfsleyfi er gefið út eða endurnýjað sé tryggt að fyrir liggja samningar á milli framkvæmdaraðila og þeirra aðila sem leggja til land, sem tryggi aðgang að nægjanlegu landrými á starfsleyfistímabilinu. Því sé æskilegt að starfsleyfisveitandi nýti sér heimild til viðækrar álitsgjafar í samræmi við gr. 9.2. í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir rekstur sem getur haft í för með sér mengun og óski umsagnar heilbrigðisnefndar í viðkomandi sveitarfélagi, sem m.a. getur sagt til um hvort áburðardreifingin hafi áhrif á landnotkun innan sveitarfélagsins og hvort svæðið teljist heppilegt dreifingarsvæði með tilliti til viðkvæmni fyrir köfnunarefnismengun. Skipulagsstofnun telur að teknu tilliti til þess sem rakið er hér á undan að meðhöndlun hæsnaskíts komi ekki til með að valda verulega neikvæðum umhverfisáhrifum með tilliti til aukningar köfnunarefnis- og fosfórsambanda í nærumhverfi þess svæðis sem honum er dreift á.

3.3 LYKTARMENGUN

Í matsskýrslu kemur fram að af þeim 75 efnasamböndum sem helst geti valdið lyktarmengun frá kjúklingaframleiðslu hafi ammóníak hvað mest áhrif. Samkvæmt BAT skýrslu Evrópusambandsins um bestu fánlegu tækni í kjúklingaiðnaði sé losun ammóníaks, í mörgum tilvikum, mest frá hæsnahúsum sjálfum eða tæplega 70% en í minna mæli vegna dreifingar hæsnaskíts, eða tæplega 30%. Fram kemur að þegar þurrefnisinnihald hæsnaskítsins fari yfir 70% dragi það úr losun ammóníaks frá honum. Niðurstöður efnagreiningar á hæsnaskít frá nýjustu kjúklingahúsum Matfugls á Melavöllum sýni að þurrefnisinnihald hans sé að meðaltali 81% og dragi það verulega úr hugsanlegri lyktarmengun. Aftur á móti geti þurrefnisinnihald skítsins valdið því að hann fjúki frekar við dreifingu og geti þar með valdið einhverjum óþægindum fyrir nágrenna Melavalla. Unnt sé að lágmarka slík áhrif með því að taka tillit til veðuraðstæðna hverju sinni áður en dreifing fari fram. Gera megir ráð fyrir því að í um 25% tilvika verði hæsnaskítum dreift á land í Dalsmynni og á Melavöllum en í 75% tilvika verði skíturinn fluttur austur til Þorlákshafnar til Landgræðslunnar.

Framkvæmdaraðili telur að bein neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á lyktarmengun verði óveruleg. Í þau skipti sem hægar norðlægar og suðlægar vindáttir ríki á svæðinu, sé hugsanlegt að landeigendur á Bakka og í Dalsmynni verði varir við einhverja lykt, en þar sem fjarlægðin milli kjúklingahúsanna og íbúðarhúsa á svæðinu sé umtalsverð þá verði að teljast ólíklegt að lyktarmengun valdi miklum óþægindum. Framkvæmdaraðili muni taka tillit til vindátta þegar hugað sé að dreifingu í nágrenni kjúklingabúsins.

Í athugasemdum Ásthildar Skjaldardóttur og Birgis Aðalsteinssonar kemur fram að þau mótmæli því sem fram komi í frummatsskýrslu um að þar sem lyktarmengunin snerti fáa þá virðist hún vera réttlætunleg. Í skýrslunni standi að lyktarmengun komi aðeins fram í 18% tilvika á heilu ári, en þá séu hægar norðlægar áttir ríkjandi. Þessi prósentutala segi hins vegar ekki alla söguna því að þessir dagar séu bestu dagar ársins, sólríkir og hægur vindur. Þetta séu útivistardagarnir og bestu vinnudagar búsins.

Framkvæmdaraðili segir að byggt sé á skilgreiningu vægiseinkunna umhverfisþátta sbr. leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisþátta er einn af þeim þáttum, sem taka skal tillit til þegar vægi áhrifa er metið, fjöldi fólks sem verður fyrir áhrifum. Framkvæmdaraðili tekur undir með landeigendum á Bakka að viðvera og athafnir þeirra sem verði fyrir áhrifum geti einnig skipt máli þegar vægi áhrifanna séu metin, en breyti hinsvegar ekki þeirri vægiseinkunn framkvæmdaraðila hvað þetta varðar, þ.e. að áhrif framkvæmdarinnar á lyktarmengun verði óveruleg. Þá komi einnig í ljós við frekari skoðun upplýsinga um vindafar frá Skrauthólum að á árunum 2001 – 2006 megi sjá að af þeim 18% tilvika, þegar hægar norðlægar áttir ríkja, séu þessi skilyrði aðeins í 6% tilvika yfir sumarmánuðina, sem væntanlega teljist bestu vinnumánuðir ársins.

Þá gera landeigendur á Bakka athugasemdir við að ákvæði um 500 m fjarlægðarmörk í 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2007 standist ekki, þar sem jörð þeirra sé vinnustaður og liggi um 50 metra frá væntanlegu húsi sem næst þeim verði.

Framkvæmdaraðili svarar því til fjarlægðarmörkin gildi fyrir varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búi. Fjarlægð milli syðsta kjúklingahúss Matfugls og íbúðarhúss á Bakka verði u.þ.b. 720 metrar og því sé kröfum reglugerðar nr. 941/2007 um hollustuhætti fullnægt.

Skipulagsstofnun telur að ágætlega sé gerð grein fyrir áhrifum starfsemi á lyktarmengun frá helstu uppsprettu mengunarinnar, þ.e. kjúklingahúsunum sjálfum sem og þeirri lykt sem stafað getur frá dreifingu hæsnaskíts á landi Melavalla og Dalsmynnis. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar landeigenda á Bakka og telur að á þeim dögum sem hægur norðanvindur er ríkjandi, geti lyktarmengun frá starfssemi kjúklingabúsins orðið talsvert neikvæð í skamman tíma fyrir þá sem búa í næsta nágrenni kjúklingabúsins og breyti þá litlu fyrir þá þó að á heildina litið megi telja að lyktarmengun frá kjúklingabúinu verði óveruleg. Skipulagsstofnun telur því mjög mikilvægt að við dreifingu hæsnaskítsins verði tekið mið af veðuráðstæðum, þannig að sem minnst lyktarmengun skapist í nágrenni dreifingarstaða, hvort sem um er að ræða í nágrenni kjúklingabúsins sjálfs eða á öðrum stöðum.

3.4 LANDNOTKUN

Í matsskýrslu kemur fram að Kjalarnesið sé helsta landbúnaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Kjúklingabúið á Melavöllum sé innan skilgreinds landbúnaðarsvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og muni þær aðstæður ekki breytast við stækkun búsins. Á Kjalarnesi sé þétt landbúnaðarstarfsemi meðfram Vesturlandsvegi, austan Grundarhverfisins, en stór svína-, kúa- og kjúklingabú eru einnig staðsett meðfram ströndinni. Ekki sé talið að framkvæmdin hafi veruleg sammögnunaráhrif eða auki álag á land þar sem fundin hafi verið lausn á því að halda dreifingu hæsnaskíts á svæðinu innan viðurkenndra marka og álag innan áhrifasvæðis starfseminnar á Melavöllum af völdum annarrar starfsemi sé lítið. Að auki sé staðsetning þauleldisbúa á Kjalarnesinu heppileg vegna nálægðar við stærsta markað landsins sem hafi í för með sér minni umhverfisáhrif vegna t.d. flutninga. Framkvæmdaraðili telur í ljósi skipulags, núverandi landbúnaðarstarfsemi á svæðinu og áætlunum framkvæmdaraðila um meðhöndlun á hæsnaskít að áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun verði óveruleg.

Í athugasemdum Sigurjóns Benediktssonar og Snædísar Gunnlaugsdóttur landeigendur tveggja jarða á Kjalarnesi kemur fram að þau geti ekki nýtt sér þær eins og þau vilji,

verði þau umlukin kjúklinga- og svínabúum, vegna ólyktar sem leggi yfir land þeirra sama hvernig vindur blási.

Framkvæmdaraðili svarar því til hann hafi ekki upplýsingar um áform ofangreindra aðila á sínum löndum en bendir á að samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 sé svæðin meðfram Esjuhlíðum og norður af Grundarhverfi skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við núverandi aðalskipulag.

Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson gera athugasemd við að fyrirhuguð stækkun sé nú þegar farin að hafa áhrif á áform landeiganda á Bakka. Ekki verði unnt að byggja sumar- og veiðihús í Hjallatúni, rétt við Blikdalsána eins og fyrirhugað hafi verið og einnig hafi þau lagt á hilluna áform þeirra að taka þátt í opnum landbúnaði. Þá gera þau athugasemdir við að hvergi komi fram í frummatsskýrslu hve marga menn þurfi að ráða til starfa við þessi nýju kjúklingahús. Einnig er bent á að sá umhverfislegi ávinningur sem felist í að vera sem næst markaði þurrkist út, þar sem töluverð mengun fylgi því að keyra mesta hluta hæsnaskítsins í burtu langar vegalengdir.

Framkvæmdaraðili svarar því til að samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 sé svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og að ekki sé gert ráð fyrir að landnotkun svæðisins í kringum Melavelli breytist í náninni framtíð, t.a.m. sé ekki gert ráð fyrir frístundabyggð á svæðinu. Landnotkun svæðisins muni ekki breytast við stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum. Á búinu verði áfram einn bústjóri, en ekki sé gert ráð fyrir að fjölga starfsmönnum við búnið. Gert sé ráð fyrir að hæsnaskítur verði fluttur til lands Landgræðslunnar nálægt Þorlákshöfn að hámarki 1-2 í viku í þeim tilvikum sem skíturinn er fluttur þangað. Þegar þessi lága tíðni flutninga sé borin saman við þann umhverfislega ávinning að græða upp óræktað land hljóti það að teljast ásættanleg lausn út frá umhverfislegum sjónarmiðum.

Skipulagsstofnun telur að þar sem stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum er í samræmi við gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur sé um að ræða óverulega breytingu á landnýtingu. Aftur á móti bendir Skipulagsstofnun á að þar sem fyrirsjáanlegt er að hluta af hæsnaskít frá búinu verði dreift í öðrum sveitarfélögum, þarf að vera tryggt að sú ráðstöfun með hugsanlegri lyktarmengun og köfnunarefnismengun, falli að landnotkun í viðkomandi sveitarfélagi.

3.5 SÝKINGARHÆTTA

Í matsskýrslu kemur fram að á Kjúklingabúi Matfugls á Melavöllum séu allar kröfur yfirvalda um aðbúnað og sjúkdómavarnir uppfylltar. Ströngu gæðakerfi sé viðhaldið á búinu sem sé nauðsynlegt til að tryggja að fuglarnir þrífist eðlilega og rekstur búsins verði sem bestur. Áætlanir séu til um meðhöndlun og förgun fugla sem drepist vegna B sjúkdóms (t.d. Salmonellu). Förgunarleiðir vegna alvarlegri smitsjúkdóma, sérstaklega fuglaflensu, séu ekki til staðar í landinu í dag, en verið sé að vinna að úrbótum á því. Bein neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á hugsanlega sýkingarhættu séu hverfandi.

Skipulagsstofnun telur að umfjöllun um sýkingarhættu frá kjúklingabúinu vera fullnægjandi.

3.6 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna stækkunar kjúklingabúsins á Melavöllum, bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2001 – 2024.

- Í matsskýrslu kemur fram að deiliskipulagstillaga sem heimili byggingu tveggja nýrra kjúklingahúsa á Melavöllum hafi verið staðfest í borgarráði þann 12. febrúar 2009. Framkvæmdaraðili hefur síðan upplýst Skipulagsstofnun um að umrædd tillaga hafi verið auglýst að nýju, þar sem formgallar hafi verið á fyrri auglýsingu. Skipulagsstofnun bendir á að áður en veitt er byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni þarf að liggja fyrir staðfest deiliskipulag í samræmi við fyrirhugaða framkvæmd.
- Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Reykjavíkurborgar skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Skipulagsstofnun bendir á að þar sem áformað er að hluti af hæsnaskít frá kjúklingabúinu verður nýttur sem áburður á land utan umdæmis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sé æskilegt að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur nýti sér heimild til viðtækrar álitsgjafar í samræmi við gr. 9.2. í reglugerðarinnar og óski eftir umsögn um tillögu að starfsleyfi til heilbrigðisnefndar þess sveitarfélags sem framkvæmdaraðili áformar að dreifa hæsnaskít í.

4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Matfugls sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla Matfugls byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Matfugls til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Matfugls hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif vegna stækkunar alifuglabúsins geti skapast frá úrgangi sem mun falla til frá búinu. Úrgangurinn getur haft í för með sér lyktarmengun og neikvæð áhrif vegna köfnunarefnismengunar frá hæsnaskít ef honum verður dreift á svæði sem eru viðkvæm fyrir köfnunarefni. Hins vegar geti notkun úrgangs verið jákvæð sem áburður á tún og á annað land þar sem fyrirhugað sé að auka ræktun.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar frá því í júní árið 2007 um að stækkun kjúklingabúsins á Melavöllum væri háð mati á umhverfisáhrifum, byggði m.a. á hve mikil óvissa var um magn og efnainnihald úrgangs frá búinu og þá hversu mikið land þyrfti ef hæsnaskíturinn væri nýttur sem áburður. Þeirri óvissu hefur nú verið eytt, þar sem niðurstöður úr rannsókn Matfugls á þessum þáttum leiddi í ljós að árleg landþörf til dreifingar á hæsnaskít sem áburði er um 245 – 300 ha. Þar sem það landssvæði sem er í nágrenni búsins er ekki nægilegt til að taka á móti öllum þeim úrgangi sem árlega mun falla frá stækkuðu búi, er áformað að flytja stærsta hluta skítsins burtu af svæðinu í annað sveitarfélag sem heyrir undir annað heilbrigðiseftirlit en það sem gefur út starfsleyfi fyrir starfseminni. Meginforsenda þess að starfsemin hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt byggir á mati á áhrifum starfseminnar á næsta nágrenni kjúklingabúsins, en ekki á það umhverfi sem mun taka við dreifingu hæsnaskíts í framtíðinni. Þrátt fyrir að í matsskýrslu sé greint frá því að samningur sé til staðar á milli framkvæmdaraðila og Landgræðslu ríkisins um að skítinum verði dreift í nágrenni Þorlákshafnar er ljóst að sá

samningur, auk annarra samninga við landeigendur geta tekið breytingum og nýir komið í staðinn. Því er ekki fyrirsjáanlegt á hvaða svæði hæsnaskít frá búinu verður dreift á í komandi framtíð og hver hugsanleg umhverfisáhrif verða á viðkomandi svæði vegna þess. Ljóst er að þau áhrif felast helst í lyktarmengun og hugsanlegum neikvæðum áhrifum köfnunarefnis sé honum dreift á vatnasvæði sem eru viðkvæm fyrir köfnunarefni. Skipulagsstofnun telur því mjög mikilvægt að þegar starfsleyfi verður gefið út fyrir stækkuðu búi, liggi fyrir á hvaða svæðum eigi að nýta úrganginn sem áburð. Því sé æskilegt að starfsleyfisveitandi nýti sér heimild til víðákrar álitsgjafar í samræmi við gr. 9.2. í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir rekstur sem getur haft í för með sér mengun og óski umsagnar heilbrigðisnefndar í viðkomandi sveitarfélagi, sem m.a. getur sagt til um hvort áburðardreifingin hafi áhrif á landnotkun innan sveitarfélagsins og hvort svæðið teljist heppilegt dreifingarsvæði með tilliti til viðkvæmni fyrir köfnunarefnismengun.

Skipulagsstofnun telur það vera háð verktilhögun, mótvægisáðgerðum og vöktun hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir, á umhverfið.

Skipulagsstofnun telur að setja þurfi eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmdinni við starfsleyfisveitingu:

1. Matfugl þarf að leggja fram gögn sem sýna fram á að hverju sinni séu tryggir samningar milli hans og landeigenda, sem heimila honum að dreifa úrgangi frá kjúklingabúinu á ákveðnum svæðum með samþykki viðkomandi heilbrigðisyfirvalda og sveitarstjórnar.

Reykjavík, 15. maí 2009.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson